

Ed.

434. Frumvarp til laga

[225. mál]

um breyting á lögum nr. 51 2. maí 1968 um bókhald.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

1. gr.

7. mgr. 5. greinar laganna orðist svo:

Sjóðbók, sjóðdagbók, aðalbók og efnahagsbók skulu vera fyrirfram innbundnar og tölusettar og skal efnahagsbók vera löggilt, sbr. þó 6. gr. Færi aðili bæði sjóðbók og sjóðdagbók, má hin síðarnefnda vera lausblaðabók.

2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Bókhaldsskyldum aðilum er heimilt að nota laus kort eða blöð eða önnur hjálpargögn í stað innbundinna og löggiltra bóka skv. 5. gr. Þetta er þó því skilyrði bundið, að gögn þessi séu hluti af skipulegu og öruggu kerfi. Þó skal sjóðbók vera fyrirfram innbundin og tölusett.

Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um notkun og gerð slíkra bókhaldsgagna.

3. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Allar bækur, sem fyrirskipaðar eru í lögum þessum, ásamt fylgiskjölum, svo og bréf og símskeyti, samrit bréfa og símskeyta, sem um ræðir í næstu grein hér á undan, skulu geymd í 7 ár frá því síðast er ritað í bækurnar, og bréfin eða símskeytin móttokin eða send.

Ráðherra getur með reglugerð heimilað að geymsla á filmu eða annarri jafngóðri eftirmynd viðkomandi bókar eða skjals komi að nokkru eða öllu leyti í stað geymslu bókarinnar sjálfrar eða skjalsins. Samanlagður geymslutími frungagna og eftirmyndar má aldrei vera skemmri en 7 ár.

Efnahagsbók skal ætíð varðveita í 25 ár.

4. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Allir þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skulu gera ársreikning einu sinni á hverju reikningsári, en hann skal a. m. k. hafa að geyma efnahagsreikning og rekstrarreikning. Reikningsárið skal vera 12 mánuðir.

Ársreikningurinn skal fullgerður og undirritaður eigi síðar en 5 mánuðum eftir lok reikningsársins. Hann skal færður í efnahagsbók og undirritaður þar af þeim, sem ábyrgð bera á bókhaldinu, sbr. 2. mgr. 4. gr. og 7. mgr. 5. gr. laga þessara.

Hafi einhver, sem skyldur er til að undirrita ársreikninginn, mótbárur fram að færa gegn honum, þá skal hann undirrita hann með árituðum fyrirvara. Koma skal fram, hvers eðlis fyrirvarinn er, og færa skal greinargerð um hann í efnahagsbókina.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðustu árum hafa orðið miklar og örur breytingar á sviði bókhalds og reikningsskila. Tækniframfarir í gerð bókhalds- og skýrsluvéla og á sviði filmugerðar gera það kleift að beita í æ ríkara mæli vélum, sjálfvirkni og myndtækni við færslu, úrvinnslu og geymslu bókhalds og bókhaldsgagna. Ársreikningar fyrirtækja hafa einnig tekið breytingum og meira samræmi er orðið í gerð þeirra og algengara verður að þeir hafi að geyma margs konar skýringar og yfirlit auk efnahags- og rekstrarreiknings. Handfærsla ársreiknings í fyrirfram innbundna og löggilta efnahagsbók er þannig orðin all viðamikil og að ýmsu leyti óhentug, a. m. k. hjá stærri fyrirtækjum. Gildandi bókhaldslög gera ráð fyrir notkun vélbúnaðar við færslu bókhalds en heimila hins vegar ekki undantekningu frá þeirri reglu að bækur og bókhaldsgögn skuli geymd í sinni upprunalegu mynd í ákveðinn tíma.

Breytingartillögur frumvarps þessa eru tvíþættar:

Í fyrsta lagi er skilyrðið um innbundna og löggilta efnahagsbók gert undanþægt. Með því er stefnt að því að opna þann möguleika að í stað handfærslu og innbindingar efnahagsbókar geti komið geymslubindi, sem ársreikningurinn yrði lagður í eða bundinn.

Færslu efnahagsbókar mun nú almennt vera þannig háttáð hér á landi að í hana er aðeins færður rekstrar- og efnahagsreikningur. Með þessari breytingu er stuðlað að því að ársreikningar fyrirtækja verði varðveittir með þeim skýringum og skýrslum sem nú eru almennt að verða óaðskiljanlegur hluti ársreikninga. Í reglugerð yrði að setja ákveðin skilyrði fyrir notkun slíkra geymslubinda í stað innbundinna bóka, m. a. um öruggan frágang þeirra og geymslu.

Í öðru lagi er opnuð heimild til þess að setja reglugerðarákvæði um geymslu bókhaldsbóka og bókhaldsgagna á filmu og annarri jafngildri eftirmynd. Heimild til færslu og geymslu bókhaldsgagna á filmu hefur nú verið lögleidd víða um heim, m. a. á Norðurlöndum. Með notkun slíkrar tækni er oft hægt að spara verulegt húsrými og pappír, auk þess sem leit upplýsinga í eldri gögnum getur orðið aðgengilegri og jafnvel öruggari. Hér er ekki aðeins um að ræða notkun á filmum til geymslu á upplýsingum fylgiskjala eða annarra hliðstæðra gagna heldur er í æ ríkari mæli farið að nota sérstakar örfilmur (mikrofilmur) fyrir tölvuútskrift í bókhaldi í stað útskriftar á pappír. Heimild í reglugerð til notkunar á slíkri tækni verður þó að vera háð ströngum skilyrðum varðandi alla framkvæmd, gerð filmu-efnis, skráningu og geymslu til að tryggja fyllsta öryggi um meðferð og geymslu upplýsinga.